Heilsuleikskólinn Fífusalir



Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2022 - 2023

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Efnisyfirlit

1. Formáli ... 3
2. Inngangur ... 3
3. Leiðarljós leikskólans ... 3
Skólastarfið ... 3
4. Mat á skólastarfi ... 4
Innra mat leikskólans ... 4
Ytra mat ... 5
Umbótaáætlun ... 5
5. Áherslur í starfi leikskólans ... 6
Þróunar- og nýbreytnistarf ... 6
6. Foreldrasamstarf ... 6
Foreldraráð ... 6
Foreldrafélag ... 6
7. Starfsmannamál ... 7
Samsetning starfsmannahópsins ... 7
8. Símenntunaráætlun ... 7
Skipulagsdagar ... 7
9. Aðrar upplýsingar ... 8
Húsnæði og lóð ... 8
Skólaárið 2021 - 2022 ... 8
Ósk um viðhald skólaárið 2022 – 2023 ... 8
Öryggismál ... 8
10. Fylgigögn ... 9
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun ... 9
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun ... 9
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal ... 9
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs ... 9
Umbótaáætlun ... 10
Símenntunaráætlun ... 12
Leikskóladagatal skólaársins 2022 - 2023 ... 14
Umsögn Foreldraráðs Heilsuleikskólans Fífusala ... 15

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Leikskólastarf var hefðbundið skólaárið 2021-2022, börnin fóru í listasmiðju og leikvang einu sinni í viku ásamt því sem það var skipulagt hópastarf og unnið með Lubba og Blæ á öllum deildum.

Sundferðir og samstarf við Gerplu var að mestu leyti óbreytt miðað við þær fordæmalausu aðstæður sem voru þetta skólaár. Reynt var að fara í vettvangsferð að lágmarki einu sinni í viku á öllum deildum, bæði var farið í stuttar og lengri ferðir.

Hefðir leikskólans héldust að mestu óbreyttar en aðventukaffið var haldið úti með heitu kakói og piparkökum. Jóladagskrá, ávaxtadagar, öskudagurinn, sumarhátíðin og afmæli leikskólans voru eins og undanfarin ár.

Leikskólastarf skólaárið 2022-2023 verður með sama hætti og undanfarin ár og að auki verður lögð áhersla á að börn á sama aldursári kynnist milli deilda.
Leikskólinn fékk styrk úr þróunarsjóði Kópavogs til þess að innleiða markvissari námsáætlanir í starfið (sjá nánar í kaflanum um *Þróunar-og nýbreytnistarf*) og mun það vera í höndum sérgreinastjóra að halda utan um verkefnið ásamt öðrum stjórnendum leikskólans.
Einnig erum við byrjuð á að þróa áfram gátlista tengda námsáætlunum og heilsubók sem ætlað er að verði faglegt skjal sem hægt er að nota til að endurmeta starfið.

3. Leiðarljós leikskólans

Skólastarfið

Við í heilsuleikskólanum Fífusölum viljum að:

- Að börn læri sjálfstjórn og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að börn fái tækifæri til að læra í gegnum leik og eigin upplifanir.
- Að börn upplifi sig í lýðræðislegu samfélagi þar sem gleði, samhygð og vinátta er höfð að leiðarljósi

Einkunnarorð skólans:
Virðing: Að börnin taki tillit til hvers annars og efli þannig skilning á tilfinningum sínum, sem og annarra. Lagt er upp úr góðu trausti og samstarfi milli barna, starfsfólks, heimilis og skóla.
Uppgötvun: Að barnið öðlist reynslu með uppgötvun í leik án þess að kennarar gefi þeim lausnir. Mikilvægt er að viðurkenna upplifun barnanna án þess að leggja á hann dóm. Endapunkturinn skiptir ekki máli heldur lærdómurinn sem barnið öðlast á leiðinni.
Samvinna: Lagt er upp úr því að börn og kennarar séu sveigjanleg, hjálpist að, vinni saman og framfylgi ákvörðunum sínum. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna sem hvetja þau til sáttfýsi og samvinnu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Fífusala eru *framfarir og líðan barna, markmið og stefna skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra*. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsþættir	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur		x		x
Faglegt samstarf		x		x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka		x		
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni		x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð		x		x
Opinber birting og umræður		x		x

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Innra mat 2021-2022

Það var unnið upp úr niðurstöðum úr starfsmannakönnun sem Skólapúlsinn lagði fyrir starfsmannahópinn í mars. Einnig voru gögn úr starfsmannasamtölum sem tekin voru að vori notuð við vinnslu áætlunarinnar. Eins var notast við mat barna leikskólans um starf hans. Sem og lista frá menntasviði um læsi og samskipti sem hver deild fyllti út saman. Þeir listar komu allir mjög vel út með einkunn frá 8-10. Ekki þykir þörf á að setja það inn í umbótaráætlun. Einnig var endurmat á starfi leikskólans tekið fyrir í hópavinnu á skipulagsdegi.

Gerð var umbótaráætlun fyrir 2022 – 2023, hana er að finna aftast í þessu skjali, sjá viðauka 1.

Ytra mat

Matsteymi um gæði leikskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfi.

Skólapúlsinn lagði fyrir viðhorfskönnun meðal starfsmanna og fór hún fram í mars 2022.

Helstu niðurstöður starfsmannakönnunar voru að starfsmönnum finnst stjórnendum umhugað um heilsufar og líðan þess.
Það þarf að bæta tölvubúnað, minnka álag, færri börn á deildum, fleira starfsfólk og rólegri samskipti.
Það sem starfsmönnum finnst gott við vinnustaðinn sinn er skipulag, gaman að vinna með börnum og góður starfandi.
Starfsandi hefur versnað milli ára og er það hvatning fyrir okkur að bæta það.
Starfsmenn kalla eftir aukinni símenntun en segja jafnframt að það sé ekki hindrun að sækja námskeið frá stjórnendum.
Starfsmönnum finnst væntingar og markmið skýr í sinni vinnu en kröfur oft miklar.

Tekin var úttekt á matseðlum og matarsóun í mötuneytum Kópavogsbæjar í mars 2022. Úttektinni var skipt upp í 5 flokka:

- Matseðill: Lýsingar og fjölbreytni
- Meginréttur (Kjöt, fiskur, annað)-próteingjafi
- Kolvetnismeðlæti
- Grænmeti, ávextir og sósur
- Skoðun á hráefnum sem til eru í eldhúsinu á úttektardaginn

Fífusalir fékk 100% fyrir alla flokka.

Helstu athugasemdir voru: Gaman að sjá að búið væri að bregðast við athugasemdum sem gerðar voru við síðustu úttekt. Aðstaða í eldhúsi ágæt og búið að setja sjálflokun/opnun á uppþvottavél. Einnig kominn nýr ofn síðan í úttekt 2018. Eldhúsið og stoðrými (búr, kælar, frystar) sérstaklega snyrtilegt og hreint. Matráður er skipulagður og leggur áherslu á að fara eftir matseðli.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Fífusölum er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

5. Áherslur í starfi leikskólans

Þróunar- og nýbreytnistarf

Leikskólinn fékk styrk úr þróunarsjóði Kópavogs til að vinna að þróunarverkefni á námsáætlunum leikskólans. Gera á markvissar vinnuáætlanir, árgangaskiptar, út frá námsáætlunum hvers mánaðar fyrir sig. Lögð verður áhersla á að allir starfsmenn skólans geti unnið út frá námsáætlun í hópastarfi. Það verður gert með fyrir fram unnum vinnuáætlunum sem skapar öryggi bæði fyrir börnin og starfsmenn. Samræma á námsefnið milli eldri og yngri gangs, byggja ofan á þann grunn sem fyrir er frá yngri gangi og þróa starfið áfram á eldri gangi. Sérgreinastjóri mun hafa umsjón yfir allri vinnu við vinnuáætlanirnar í samstarfi við aðra stjórnendur leikskólans. Vinnuáætlanirnar verða í árgangaskiptum möppum sem verða aðgengilegar fyrir alla kennara leikskólans. Markmiðið er að vinnuáætlanirnar verði stuðningur fyrir kennarana í ýmis konar hópastarfi, stuðli að betra og markvissara/faglegu starfi með börnunum.

Fyrirhugað er að þróa gátlista út frá heilsubók/skjali sem flyst með barninu yfir á eldri gang sem sýnir hvar barnið stendur í félagsfærni, fín- og gróf hreyfingum, sjálfshjálp og fleiru. Eins er hugsað að gera gátlista þar sem farið er yfir þau námssvið sem tengjast námsáætlunum okkar, það er hvort þau hafa verið unnin eða ekki. Þetta verður faglegt skjal til að endurmeta faglega starfið okkar í lok hvers mánaðar á deildarfundum.
Í þróun er deildarstjórahefti með hinum ýmsum verkefnum og ábyrgð deildarstjóra. Heftið á m.a. að auðvelda gömlum sem nýjum deildarstjórum að fá yfirsýn yfir starfssvið sitt.

Kynningarfundir fyrir foreldra barna sem flytjast milli deilda innanhúss.

Við höfum tekið upp á því að vigta matarafganga aðra hvora viku til þess að sporna við matarsóun í leikskólanum, gerir þetta bæði börn og kennara meðvitaðri um skammtanir á diska.

Lausnarteymi hefur verið myndað og í því sitja 4 kennarar. Útbúið hefur verið beiðnablað til lausnateymis frá deildarstjórum sem verður í þróun þetta skólaár.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starfi leikskólans. Samvinna foreldra og leikskóla byggist á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum og er því mikilvægt að foreldrar finni fyrir vingjarnlegu viðmóti og trausti.

Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi í leikskólanum og fundar reglulega, um það bil einu sinni í mánuði en oftar ef þurfa þykir. Í því eru fjórir foreldrar, einn kennari og leikskólastjóri. Fundargerðir foreldraráðsins eru birtar á heimasíðu leikskólans. Markmið foreldraráðs er að styðja við starf leikskólans. Foreldraráð kemur að faglegu starfi leikskólans, les meðal annars yfir árlega starfsáætlun og skrifar umsögn. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Foreldrafélagið fundar einu sinni á ári en að öðru leyti fara samskipti að mestu leyti fram í gegnum lokaðan facebook hóp.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

7. Starfsmannamál

Samsetning starfsmannahópsins

Í leikskólanum Fífusölum er gert ráð fyrir 18,112 stöðugildum vegna barngilda og 2,5 stöðugildum vegna sérkennslu. Einnig er leikskólastjóri í 100% stöðu, staða sérkennslustjóra er 75% og staða aðstoðarleikskólastjóra er 40%. Starfsmenn í eldhúsi eru 2, báðir í 100% starfi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Heildarstöðugildi leikskólans á að vera 30,61
Deildarstjóri er yfirmaður hverrar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Síðasta starfsár voru 17,31 stöðugildi vegna barngilda og 5,96 stöðugildi vegna sérkennslu. Leikskólaárið 2022-2023 munu starfa í Fífusölum auk stjórnenda, þrír leikskólakennarar með deildarstjórn, þrír háskólamenntaðir starfsmenn með deildarstjórn, tveir leikskólakennarar, tveir þroskaþjálfar þar sem annar þeirra er í stöðu sérkennslustjóra, sjö háskólamenntaðir starfsmenn og nítján leiðbeinendur.

8. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins. Sótt verður um sjötta skipulagsdaginn þar sem áætlað er að fara í námsferð vorið 2023.

1. Föstudagurinn. 23. september
   - Ingrid Kuhlman verður með fyrirlestur um samskipti og býr til samskiptareglur með öllu starfsfólki.
   - Fagstjóri kynnir þróunarverkefni næsta árs.
   - Þroskaþjálfi verður með erindi um *leiðandi leiðsögn*.
   - Starfsmannafundur
2. Fimmtudaginn 17. nóvember
   - Svandís Ása sálfræðingur verður með fyrirlestur um aga.
   - Fáum prest til þess að vera með fyrirlestur um *börn og sorg*.
   - Starfsmannafundur.
3. Mánudagurinn 2. janúar
   - Eyþór Eðvarðsson sálfræðingur verður með fyrirlestur um *erfið foreldrasamskipti*
   - Starfsmannafundur – endurmat á haustönn. Skipulagning vorannar
4. Miðvikudagurinn 15. mars
   - Vilborg geðhjúkrunarfræðingur með fyrirlestur um *tengsl og tengslaröskun barna*.

5.-6. 19 og 22. maí
- Farið verður í námsferð til Spánar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau.

9. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna
Næsta skólaár verða 106 börn í leikskólanum Fífusölum.
12 börn fædd 2017
27 börn fædd 2018
15 börn fædd 2019
28 börn fædd 2020
22 börn fædd 2021

Það verða 9 börn tví- eða þrítyngd.

Dvalartími barna er:
6 klst. og 30 mín. = 1 barn
6 klst. og 45 mín. = 2 börn
7 klst. = 1 barn
7 klst. og 30 mín. = 9 börn
7 klst. og 45 mín. = 3 börn
8 klst. = 51 barn
8 klst. og 15 mín. = 7 börn
8 klst. og 30 mín. = 26 börn
9 klst. = 3 börn

Sérkennslutímar barna er:
6 klst. = 2 börn
2 klst. = 2 börn
1 klst. = 2 börn

Húsnæði og lóð

Skólaárið 2021 - 2022

Ekkert viðhald var gert síðasta skólaár.

Ósk um viðhald skólaárið 2022 – 2023

1. Við höfum óskað eftir í nokkur ár að leikskólalóðin okkar sé löguð. Bæta þarf undirlag á nokkrum stöðum, yfirfara/endurnýja leiktæki, laga skemmdir á grasblettum og á hólnum.
2. Það á eftir að setja upp 3 upphengd klósett á starfsmannaklósettum og flota gólf.
3. Bæta þarf starfsmannaaðstöðuna á eldri gangi.
4. Setja upp vegg á milli matsals og listasmiðjunnar til þess að minnka hávaða sem verður til þess að svæðin nýtist betur í starfi.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

Skólaárið 2021-2022 slösuðust 12 börn í leikskólanum, öll úti í garði. Starfsmaður slasaðist alvarlega á kjálka eftir högg frá barni í leikskólanum.

10. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Umbótaáætlun Heilsuleikskólans Fífusala 2022 -2023

Viðfangsefni / Markmið	Vegna	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Tímarammi	Hvernig metið / Endurmat	Staða
Bæta virkni starfsfólks í útiveru	Öryggisatriði	Kynnt á skipulagsdegi í haust	Allir ábyrgir að vera meðvitaðir - Deildarstjóri með yfirábyrgð	Alltaf	Í umræðum á deildafundum og starfsmannafundum	
Finna leiki og auka við hreyfingu í útiveru	Fjölbreytni í garðinum og ýta undir hreyfingu.	Sýna frumkvæði og vera hugmyndaríkur	Allir ábyrgir að vera meðvitaðir	Alltaf	Í umræðum á deildafundum	
Hlutverk starfsfólks	Út frá niðurstöðum starfsmannaviðtala	Skýr verkaskipting og vinna eftir dagsskipulagi	Allir	Alltaf	Deildarfundi, 1x á önn (18.nóv og 16.mars)	
Kynning á Heilsustefnunni fyrir foreldra	Fyrirlestur um Heilsustefnuna	Aðalfundur foreldrafélagsins haust 2022	Erla Stefanía	Haust 2022	Aðalfundur foreldrafélagsins	
Kynna kennara persónulega fyrir foreldrum	Kynning á starfsfólki	Búa til möppu á facebook þar sem kennarar eru kynntir	Deildastjórar	Í upphafi haustannar	Metið hjá skólapúlsinum	
Hlusta á þögnina og ræða við börnin um lykt	Út frá niðurstöðum matslista sköpun og menning	Starfsfólk sé meðvitað og grípi tækifærin þegar þau gerast	Allir starfsmenn	Skólaárið 2022-2023	Metið í gátlista frá Menntasviði 2024	
Ræða form og áferð matarins	Út frá niðurstöðum matslista sköpun og menning	Starfsfólk sé meðvitað og grípi tækifærin þegar þau gerast	Allir starfsmenn	Skólaárið 2022 - 2023	Metið í gátlista frá Menntasviði 2024	
Að börnin tjái sig um verk sín og rifji upp ferli þeirra	Út frá niðurstöðum matslista sköpun og menning	Starfsfólk sé meðvitað og grípi tækifærin þegar þau gerast	Allir starfsmenn	Skólaárið 2022 - 2023	Metið í gátlista frá Menntasviði 2024	

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Fjalla um mismunandi menningu þjóða t.t. Ólík tungumál, matarhefðir og fleira	Út frá niðurstöðum matslista sköpun og menning	Nota samverustundir þar sem kynnt er mismunandi tónlist og dansa. Fáni hvers lands settur í forsali og boðið gleðilegan þjóðhátíðardag á tungumálinu	Einn starfsmaður á eldri gangi og einn starfsmaður á yngri gangi	Skólaárið 2022 - 2023	Metið í gátlista frá Menntasviði 2024	
Vinna meira með tónlist og leiklist frjálst, með hljóðfæri og með aðra hljóðgjafa	Út frá niðurstöðum matslista sköpun og menning	Vagninn kominn í matsalinn - sett í dagsskipulag	Hljóðfærastund skipulögð á hverri deild 1x í viku	Skólaárið 2022 - 2023	Metið í gátlista frá Menntasviði 2024	
Fjölga rólegum stundum	Út frá Skólapúlsinum sem lagði fyrir könnun vorið 2022	Grípa tækifærið, sameina deildir og senda hluta af börnum út.	Allir starfsmenn	Skólaárið 2022 - 2023	Send út könnun til starfsmanna næsta vor	
Hegðun barna	Út frá Skólapúlsinum sem lagði fyrir könnun vorið 2022	Meiri fræðsla	Allir starfsmenn	Alltaf	Fenginn fyrirlesari á skipulagsdag í nóvember	
Samskipti mættu vera afslappaðri meðal starfsmanna.	Út frá Skólapúlsinum sem lagði fyrir könnun vorið 2022	Taka ábyrgð á eigin samskiptum og viðbrögðum. Stjórnendur seti gott fordæmi.	Allir stjórnendur	Skólaárið 2021 - 2022	Send út könnun til starfsmanna næsta vor	
Upplifa sjálfbærni sem sjálfsagðan þátt í skólastarfinu	Út frá niðurstöðum matslista sjálfbærni og vísindi	fyrirlestur hjá Sabínu Steinunni um færni til framtíðar.	Allir starfsmenn	skólaárið 2022-2025	Metið í gátlista frá Menntasviði 2025	
Veita athygli formum og fjölda í umhverfinu	Út frá niðurstöðum matslista sjálfbærni og vísindi	nýta vettvangsferðir vel í þetta	Allir starfsmenn	skólaárið 2022-2025	Metið í gátlista frá Menntasviði 2025	
Hlusta á náttúruhljóð - svefn	Út frá niðurstöðum matslista sjálfbærni og vísindi	Hlusta á náttúruhljóð í hvíld	Allir starfsmenn	skólaárið 2022-2025	Metið í gátlista frá Menntasviði 2025	
Læra um og vinna með endurvinnslu, flokkun og sjálfbærni	Út frá niðurstöðum matslista sjálfbærni og vísindi	Passa að flokka öllu sem er fargað í rétta flokka	Allir starfsmenn	skólaárið 2022-2025	Metið í gátlista frá Menntasviði 2025	

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Símenntunaráætlun

Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	vor 2023	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbók	1x mánuði	ca 45 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og fagstjóri
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	2 tímar= 4 tímar eftir vinnu. Starfsmannafundir	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	3 tímar x2 = 6 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	**Ingrid Kuhlman verður með tvo tíma um samskipti og býr til samskiptareglur með öllu starfsfólki.** Fagstjóri kynnir þróunarverkefni, þroskaþjálfi verður með erindi um "leiðandi leiðsögn" starfsmannafundur.	23.sept	8 tímar	Unnið á vinnutíma, 60 þús til sálfræðings	Leikskólastjóri
Deildarstjórar	Aðalfundur foreldrafélagsins	Kynning á Heilsustefnu og þróunarverkefni	Miðjan nóvember	2 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Aga fyrirlestur með Svandísi Ásu Sálfræðing Prestur með fyrirlestur um börn og sorg- Starfsmannafundur	17.nóv	8 tímar	55.000 kr	Leikskólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Eyþór Eðvarsson sálfræðingur tala um erfið foreldrasamtöl. Starfsmannafundur, endurmat á haustönn. Skipulag vorannar	2.jan	8 tímar	80.000	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Vilborg geðhjúkrunarfræðingur talar um tengsl og tengslaröskun barna	15.mars	8 tímar	60.000	Leikskólastjóri
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	2 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn		Endurmenntunarferð með Kvan	19 maí og 22 maí	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Starfsfólk í stuðningi	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	1x í mánuði	60 min hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri og Leikskólastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: Heilsuleikskólinn Fífusalir

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M	Frídagur verslunarmanna	1 F		1 L		1 Þ	Lestrarátak Lubba byrjar	1 F	Fullveldisdagurinn	1 S	Nýársdagur	1 M		1 M	Grænn dagur	1 L		1 M	Verkalýðsdagurinn	1 F		1 L	
2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 F		2 M	Skipulagsdagur	2 F		2 F	Blár dagur	2 S	Pálmasunnudagur og Alþjóðadagur einhverfu	2 Þ	Heilsuvika þessa vikuna og ávaxtadagur	2 F		2 S	
3 M		3 L		3 M	Heilsuvika þessa viku ásamt ávaxtadegi	3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 F	Regnbogadagur/ball	3 M	Ekkert skipulag - léttur hádegisverður	3 M		3 L		3 M	
4 F	Leikskólinn opnar kl 13:00	4 S		4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 L		4 L		4 Þ	Ekkert skipulag - léttur hádegisverður	4 F		4 S	Sjómannadagurinn	4 Þ	
5 F		5 M		5 M		5 L		5 M		5 F		5 S		5 S		5 M	Ekkert skipulag - léttur hádegisverður	5 F		5 M		5 M	
6 L		6 Þ		6 F		6 S		6 Þ		6 F	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans - Gestakaffi	6 M		6 F	Skírdagur	6 L		6 Þ		6 F	
7 S		7 M		7 F		7 M		7 M		7 L		7 Þ	Dagur tónlistarskólans	7 Þ		7 F	Föstudagurinn langi	7 S		7 M		7 F	
8 M		8 F	Dagur læsis	8 L		8 Þ	Baráttudagur gegn einelti	8 F		8 S		8 M		8 M		8 L		8 M	10 ár síðan við fengum heilsufánann	8 F		8 L	
9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 F		9 M		9 F		9 F		9 S	Páskadagur	9 Þ		9 F	Gisting elstu barna	9 S	
10 M		10 L		10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 F	Leikfangadagur	10 M	Annar í páskum	10 M		10 L	Útskrift 2023	10 M	
11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S		11 M		11 L	Dagur íslenska táknmálsins	11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ	
12 F		12 M		12 M		12 L		12 M	Jólatréð sett upp	12 F		12 S		12 S		12 M		12 F		12 M		12 M	
13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 Þ	Jólatréð skreytt	13 F		13 M		13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F	
14 S		14 M		14 F		14 M		14 M	Litlu jólin	14 L		14 Þ		14 Þ	Dagur stærðfræðinnar	14 F		14 S		14 M		14 F	
15 M		15 F		15 L		15 Þ	Síðasti dagur í lestrarátaki Lubba	15 F		15 S		15 M		15 M	Skipulagsdagur	15 L		15 M		15 F		15 L	
16 Þ		16 F	Leikfangadagur og Dagur íslenskrar náttúru	16 S		16 M	Afmæli leikskólans/Lubba og Dagur íslenskrar tungu	16 F		16 M		16 F		16 F		16 S		16 Þ		16 F		16 S	
17 M		17 L		17 M		17 F	Skipulagsdagur	17 L		17 Þ		17 F		17 F		17 M		17 M		17 L	Lýðveldisdagurinn	17 M	
18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 L		18 L		18 Þ		18 F	Uppstigningardagur	18 S		18 Þ	
19 F		19 M		19 M		19 L		19 M		19 F		19 S	Konudagur	19 S		19 M		19 F	Skipulagsdagur	19 M	Sumarhátíð þessa vikuna	19 M	
20 L		20 Þ		20 F		20 S	Dagur mannréttinda barna	20 Þ		20 F	Bóndadagur	20 M	Bolludagur	20 M		20 F	Sumardagurinn fyrsti	20 L		20 Þ		20 F	
21 S		21 M		21 F		21 M	Piparkökubakstur	21 M		21 L		21 Þ	Sprengidagur	21 Þ	Alþjóðadagur Downs heilkennis	21 F		21 S		21 M		21 F	
22 M		22 F		22 L	Fyrsti vetrardagur	22 Þ	Piparkökubakstur	22 F		22 S		22 M	Öskudagur	22 M		22 L		22 M	Skipulagsdagur	22 F		22 L	
23 Þ		23 F	Skipulagsdagur	23 S		23 M	Piparkökubakstur	23 F	Þorláksmessa	23 M		23 F		23 F		23 S		23 Þ		23 F		23 S	
24 M		24 L		24 M		24 F	Piparkökukaffi	24 L	Aðfangadagur jóla	24 Þ		24 F		24 F		24 M		24 M		24 L		24 M	
25 F		25 S		25 Þ		25 F		25 S	Jóladagur	25 M		25 L		25 L		25 Þ		25 F		25 S		25 Þ	
26 F		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 M		26 L		26 M	Annar í jólum	26 F		26 S		26 S		26 M		26 F		26 M		26 M	
27 L		27 Þ		27 F	Afmæli Blæ og alþjóðlegur bangsadagur	27 S		27 Þ	Ekkert skipulag - léttur hádegisverður	27 F		27 M	Gulur dagur	27 M		27 F		27 L		27 Þ		27 F	
28 S		28 M		28 F		28 M		28 M	Ekkert skipulag - léttur hádegisverður	28 L		28 Þ	Rauður dagur	28 Þ		28 F		28 S	Hvítasunnudagur	28 M		28 F	
29 M		29 F		29 L		29 Þ		29 F	Ekkert skipulag - léttur hádegisverður	29 S				29 M		29 L		29 M	Annar í Hvítasunnu	29 F		29 L	
30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 F	Ekkert skipulag - léttur hádegisverður	30 M	Tannverndarvika þessa viku			30 F		30 S		30 Þ		30 F		30 S	
31 M				31 M				31 L	Gamlársdagur	31 Þ				31 F				31 M				31 M	

Skjal sótt af "000000000" dags. 11.11.2026

Umsögn Foreldraráðs Heilsuleikskólans Fífusala

Nóvember 2022

Foreldraráð Fífusala hefur farið yfir starfsáætlun heilsuleikskólans Fífusala fyrir árið 2022-2023. Foreldraráðið lýsir yfir ánægju með starfsáætlunina og samþykkir hana. Starfsáætlunin er vel sett upp, skýr og hnitmiðuð og á það einnig við um fylgiskjölin; umbótaáætlun og símenntunaráætlun.

Það er unnið gott og faglegt starf í Fífusölum. Tekið er til greina það sem betur má fara og þær athugasemdir settar upp sem skýr markmið í umbótaáætlun. Greinilegt er að starfsmenn eru opnir fyrir þróun og nýbreytni í starfi.

Spennandi verður að sjá hvernig þróunarverkefnið með námsáætlanir leikskólans tekst til. Ánægjulegt er að markmiðið sé að samræma námsefnið á milli yngri og eldri deilda þannig að það þróist eftir því sem börnin verða eldri og byggist þannig jafnt og þétt ofan á þeirra þekkingu. Að öllum líkindum mun þessi vinna stuðla að öryggi allra starfsmanna í sínu hlutverki og með því móti veita börnunum markvissari og faglegri kennslu.

Skipulagsdagarnir eru vel skipulagðir fram í tímann og stuðla þeir að góðri símenntun allra starfsmanna með fyrirlestrum fagmanna um mikilvæg málefni.

Það er ljóst að stjórnendur Fífusala eru metnaðarfullir og endurspeglast það í starfsáætluninni.

Fyrir hönd foreldraráðs Fífusala,

Jóhanna M. Pálsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026